

Mál nr. 194/2007
M og
Vátryggingafélagið V v. A

Ágreiningur um bótarétt úr kaskótryggingu vegna tjóns á ökutæki þ. 12.11.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.10.2007.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 530/2007
3. Lögregluskýrsla dags. 15.11.2006 og 7.3.2007 og bréf dags. 7.5.2007
4. Bréf lögmanns M dags. 1.10.2007.
5. Bréf V dags. 23.8. og 15.11.2007.

Málsatvik.

M lánaði dóttur sinni G bifreiðina A og var bifreiðinnin ekið út af vegi í gegn um girðingu og yfir um eins meters djúpan skurð og hafnaði bifreiðin loks á trékefli. G og farþegi í A voru flutt á slysadeild LSH í Fossvogi en farþeginn S kvaðst ómeidd og sagði á vettvangi að G hefði ekið bifreiðinni í umrætt sinn. Í skýrslu hjá lögreglu 7.3. 2007 ber S að G hafi ekki ekið bifreiðinni í umrætt sinn heldur maður frá Lettlandi sem þær G og S hefðu hitt á bar. Ekki var af hálfu lögreglu talin ástæða til að höfða sakamál vegna þessa umferðaróhapps. M gerir kröfu til að fá greiddar bætur úr kaskótryggingu A hjá V en V hafnar bótaskyldu. Lögmaður M segir að í umrætt sinn þegar óhappið varð hafi maður ekið bifreiðinni sem að M hafi ekki samþykkt að æki bílnum og því bótaskylda fyrir hendi. V segir að áfengismagn í blóði G hafi í umrætt sinn verið 2.16 prómill sem geri að verkum að bótaréttur M falli niður þar sem hún hafi afhent G bifreiðina til afnota. V telur nægjanlega sannað að G hafi ekið bifreiðinni í umrætt sinn.

Álit.

M lánaði dóttur sinni G bifreiðina í umrætt sinn og fyrir liggja gögn sem sýna að hún var mjög ölvuð þegar óhappið varð. Af hálfu lögmanns M er byggt á því að G hafi ekki ekið bifreiðinni heldur ónefndur útlendinur. Að virtum þeim gögnum sem lögð eru fyrir Úrskurðarnefndina hefur ekki verið sýnt fram á með trúverðugum hætti að G hafi ekki ekið bifreiðinni í umrætt sinn en með akstri bifreiðarinnar svo ölvuð að hún var ófær um að stjórna vélknúnu ökutæki var um stórkostlegt gáleysi af hálfu G að ræða sem girðir fyrir bótaskyldu V í málinu úr kaskótryggingu þeirri sem M er með hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 13.11. 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.